

Greinargerð vegna auglýsingar starfsleyfistillögu fyrir Arctic Sea Farm hf. í Dýrafirði

1. Almennt:

Arctic Sea Farm hf. (kt: 700807-0450), Hafnarbakka 8, 425 Flateyri er með 2.000 tonna leyfi fyrir sjókvíaeldi á laxi/regnboga í Dýrafirði og sótti um stækkun í 4.000 tonn, dags. 18. desember 2015.

Umhverfisstofnun auglýsir tillögu að starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, á tímabilinu 5. júlí til 31. ágúst 2017, fyrir framleiðslu á allt að 4.000 tonnum á ári. Auglýsingin birtist einnig á vefsíðu Umhverfisstofnunar, ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Auglýsingin birtist í Lögbirtingablaði 5. júlí 2017. Umsóknargögn voru send hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd til umsagnar þann 29.mars 2017 og aftur þann 29.júní 2017

Gögn munu verða aðgengileg á skrifstofu Ísafjarðarbæjar á auglýsingatíma.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum (sbr. 23. gr. rg. nr. 785/1999 sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000):

Umhverfisstofnun sendi inn athugasemdir til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar á matsskyldu stækkunarinnar þann 5. febrúar 2013. Í umsögninni kom fram að líkegt væri að framkvæmdin hefði ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Samt sem áður benti stofnunin á þá hættu sem gæti skapast vegna slysasleppinga á erfðablöndun við villtan lax og hugsanlega væri kalkþörungum að finna á botni fjarðarins sem hafa mikið verndargildi. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin væri ekki háð umhverfismati. Umhverfisstofnun telur að þær varnir og sú vöktun sem tilgreind er í starfsleyfi sé fullnægjandi til að vinna gegn skaðlegum áhrifum mengunar frá eldinu á annað lífríki fjarðarins.